

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29. nóvember 2012
1211021 IE

Efni: Umsögn um frv. til breyt. á lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup, 288. mál.

Með tölvubréfi dags. 20. nóv. 2012 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup, 288. mál, þskj. 321, 141. lþ.

Varðandi 9. gr. frv., þar sem lagðar eru til breytingar á 92. gr. laganna um skipan kærunefndar í einstökum málum o.fl., þá minnir Jafnréttisstofa á 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Gæta þar að því við skipan í kærunefnd útboðsmála og skipan kærunefndarinnar í einstökum málum o.fl. að skipað sé í nefndina þannig að hlutföll kynjanna séu sem jöfnust og í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga.

Jafnréttisstofa gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur